

**385. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 15. apríl 2020 í gegnum tölvupóst samskipti**

Tölvupóst samskipti áttu:

Sandra B. Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Fundarritun annaðist:

Jóhanna Traustadóttir, ritari SLFÍ
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

- 1. Fundur skipulagður í tölvupósti.**
- 2. Fundargerð síðasta fundar.**
- 3. Kjarasamningar.**
- 4. Frágangur gagna fyrir fulltrúaþing SLFÍ.**
- 5. Tillaga um breytingar á lögum félagsins**
- 6. Myndir af sjúkraliðum að störfum.**
- 7. Viðtöl við sjúkraliða í fjölmiðlum.**
- 8. 1. maí 2020**

Önnur mál..

Dagskrá

- 1. Fundur skipulagður í tölvupósti.**
Sandra B. Franks (SBF), formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) sendi tölvupóst á framkvæmdastjórn með dagskrá fundarins sem fór fram nú í annað sinn í tölvupóstsamskiptum vegna COVID-19 og samkomubanns.
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
- 3. Kjarasamningar**
SBF upplýsti að kjaraviðræður væru í gangi við Reykjavíkurborg og SFV. Fundir voru haldnir í síðustu viku með báðum viðsejendum. Í dag var fundað með Reykjavíkurborg og er annar fundur áformaður í næstu viku í húsakynnum Ríkissáttasemjara. Nokkuð ber á milli um mál sem snúa að menntun, starfsmati og hækkun launa. Næsti fundur með SFV verður á morgun en þar greinir á um að ganga frá tilteknum þáttum í stofnanasamningi samhliða kjarasamningi.
- 4. Frágangur gagna fyrir fulltrúaþingi SLFÍ**
SBF lagði til að vegna frestunar á fulltrúaþingi SLFÍ fram á haustið að frágangur allra gagna sem hefðu þurft að vera tilbúin fyrir fulltrúaþing sem halda átti í maí, verið tilbúin fyrir 15.maí nk. Unnið er að gerð ársskýrslu stjórnar, ársreikningum og rekstraráætlun.

5. Tillaga um breytingar að lögum félagsins.

SBF upplýsti að laganefnd félagsins hefur fengið til umsagnar tillögu um breytingu á lögum félagsins. Engar athugasemdir hafa borist frá nefndinni. Þannig að breytingartillagan verðu lögð fram á næsta fulltrúaþingi.

6. Myndir af sjúkraliðum að störfum.

SBF upplýsti að lagt hefði verið til á facebook síðu félagsins að sjúkraliðar tækju myndir af þeim sjálfum við störf yfir páskahátíðarnar og þær sendar á slfi@slfi.is Allnokkrar myndir bárust frá sjúkraliðum. Tillaga er um að fá „Prentun“ til að gera plakát úr þessum myndum sem hægt verður að nota á vegg og á samfélagsmiðlum. Þá hefur félagið stofnað instagram aðgang í því skyni að vekja enn frekari athygli á störfum og ímynd sjúkraliða.

7. Viðtöl við sjúkraliða í fjölmiðlum.

Fram kom að SBF hafði samband við nokkra fjölmiðla, s.s. Kjarninn.is, Í bítíð á Bylgjunni, Morgunþátt rásar 1 og 2, og lögð var fram tillaga um að hafa samband við sjúkraliða, bæði úr bakvarðarsveit og þá sem eru að jafnaði starfandi við fagið til að auka sýnileika stéttarinnar. Nafnalisti var sendur með tillögum að viðtölum við sjúkraliða. Kjarninn mun ræða við sjúkraliða í dag. Viðbrögð komu frá RÚV sem ætlar að skoða málið. Viðbrögð frá Bylgjunni hafa enn ekki borist.

8. 1. maí 2020

Skömmu eftir að samkomubann til 4. maí var tilkynnt varð umræða innan verkalýðshreyfingarinnar um hvernig standa ætti að 1. maí 2020 dagskránni. Sjúkraliðafélagið hefur í gegnum árin verið í samstarfi við BSRB um útfærslu á viðburðum dagsins. Ljóst var að engin kröfuganga og útifundur verður í ár. Stjórn BSRB lagði áherslu á að eitthvað yrði gert á landsvísu og á samfélagsmiðlum og þá í sjónvarpi.

Ahugi er á sameiginlegri dagskrá BSRB, ASÍ, BHM og KÍ á samfélagsmiðlum og sjónvarpi. RÚV hefur samþykkt að taka þátt og samtökin 40 mínútur eftir sjónvarpsfréttir 1. maí. Ræddar hafa verið hugmyndir að samfélagsmiðlaherferð t.d. að fólk geti breytt prófilmyndböndum í tilefni dagsins sem og stutt myndbönd. Ákveðið var að koma á fót stýrihópi sem hefur það hlutverk að undirbúa og halda utan um sameiginlega dagskrá á samfélagsmiðlum og í sjónvarpi, yfirskrift dagsins, auglýsingar og grafík. Til stendur að ráða verkefnastjóra/dagskrárstjóra til að sinna þessu því þetta er mjög umfangsmikið verkefni sem þarf að framkvæma á stuttum tíma. Brjánn Jónasson upplýsingafulltrúi BSRB verður fulltrúi bandalagsins í hópnum. Sjúkraliðafélagið hefur tekið þátt í umræðunum og mun leggja sitt af mörkum til að auka sýnileika félagsmanna á þessum degi.

Önnur mál

• **Styrkbeiðni frá Fjölskylduhjálpi Íslands**

SBF fór yfir að styrkbeiðni hefði borist frá Fjölskylduhjálpi Íslands vegna páska- og vorsöfnunar en farið er fram á frjáls framlög til að kaupa matvæli sem samtökin nota til að veita nauðsynlega aðstoð til sinna skjólstaðinga. Málið rætt, en styrkbeiðninni hafnað.